



Hjörleifur Örn Jónsson er fæddur í Reykjavík árið 1972. Hann hóf 9 ára gamall nám við skólahljómsveit Mosfells-sveitar hjá Reyni Sigurðssyni og lauk að loknu stúdents-prófi af málabraut menntaskólans við Sund burtfararprófi frá Djassdeild tónlistarskóla FÍH árið 1993. Hjörleifur lék að loknu námi sínu í Reykjavík með Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands auk mörgum af þekktustu popp og djasstónlistarmönnum landsins. Árið 1999 hóf hann nám við Conservatoriumið í Amsterdam þar sem hann var við nám í 3 ár undir handleiðslu meðlima Concertgebouw Orchester og Hollensku Kammersveitarinnar.

Árið 2002 flutti Hjörleifur til Berlínar og hóf nám við Hanns Eisler Hochschule fuer Musik þar sem hann lærði hjá Rainer Seegers, pákuleikara Berliner Philharmoniker og Franz Schindelbeck slagverksleikara í sömu sveit. Hjörleifur lauk með láði mastersgráðu í Slagverksleik og mastersgráðu í Kennslufræðum árið 2007. Hann vann sem einleikari með hljómsveitum og kammerhópum í Þýskalandi og má þar helst nefna SWR útvarps-hljómsveitina, Percusemble Berlin, Ensemble Junge Musik, Ensemble Echo, Mehrklangorchester Berlin ofl. Hjörleifur hefur unnið með tónskáldum á borð við Georg Katzer, Helmut Zapf, Ruth Zechtlin, Ed Bennet, Gwyn Pritchard, Petér Köschegi og Atla Heimi Sveinsson svo fáir séu nefndir.

Hjörleifur var skólastjóri Neue Musikschule Berlin á árunum 2006-2008 og framkvæmdastjóri Hypno leikhússins þar í borg sem sérhæfir sig í tónlistar og leik-sýningum fyrir börn og unglina. Hann hefur unnið að skipulagningu í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík auk ótal tónlistarhátíða í Þýskalandi. Hjörleifur réði sig sem skólastjóra tónlistarskólans á Akureyri haustið 2008 og leikur nú sem slagverksleikari með Sinfóníuhljómsveit norðurlands meðal annarra.

Suite for Toy Piano (1947)**- John Cage (1912 – 1992)**

John Milton Cage Jr. Var eitt áhrifamesta tónskáld 20. aldarinnar. Tónlist hans hrundi á tímum endurskoðunar í listastefnum af stað umræðum um eðli tónlistar, samhengi hennar í umhverfi sínu og tengsl við aðrar listgreinar.

Svítan, sem samanstendur af 9 díatónískum nótum er fyrsta alvörugefna verkið sem samið var fyrir leikfangapíanó. Cage getur þess í formála að verkið sem einnig má flytja á venjulegan flygil er byggt á talnaröðinni 7.7.6.6.4. og 15x15.

Prím (1984)**- Áskell Másson (1953 -)**

Áskell Másson er einn af okkar mest áberandi núlifandi tónskáldum. Verk hans hafa verið flutt af einleikurum og hljómsveitum um allan heim og hlotið mikla hylli, þá sérstaklega í slagverksheiminum.

Verkið Prím dregur nafn sitt af hugmyndinni sem það er byggt upp á, þ.e. fyrstu 16 prímtölunum. Stykkið er byggt á rythmaröð sem þessar tölur skapa þegar 32. partsnótur eru lagðar til grundvallar. Prím er eitt af fáum verkum sem nota sneriltrommunna sem einleikshljóðfæri.

Schlagmusik I – Hertz**- Georg Katzer (1935 -)**

Austurþýska tónskáldið Georg Katzer hefur verið áberandi í tónlistarheiminum í Berlín í hátt í hálfu öld. Hann lauk námi hjá Janáček í Prag árið 1958 og hjá Hanns Eisler og Leo Spies í Berlín nokkru síðar. Katzer var kosinn meðlimur Listaakademiunnar í Berlín árið 1978 og gekk síðar til liðs við skólann sem Prófessor og stofnandi/deildarstjóri raftónlistardeildar skólans. Hann sat í forsæti Deutscher Musikratr frá 1990 – 2001.

Mér hlotnaðist sú mikla ánægja að starfa með Georg á árum mínum í Berlín og útskýrði hann fyrir mér verkið Schlagmusik á þennan hátt : “Verkið lýsir lífshlaupi manneskju með hjartslætti sem gengur í gegn um verkið en er brotinn upp af óvæntum uppákomum.”